

Heimavellir hf.: Niðurstöður aðalfundar 2019

Fimmtudaginn 14. mars 2019 var aðalfundur Heimavalla hf. haldinn á Hilton Reykjavík Nordica. Fundurinn hófst kl. 15:00.

Tillögur þær sem lágu fyrir fundinum má finna á vefsíðu félagsins: <https://www.heimavellir.is/is/fyrir-fjarfesta/hluthafafundur>

- 1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðð starfsár.**  
Stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar fyrir aðalfundinum.
- 2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar.**  
Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2018.
- 3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.**  
Tillaga stjórnar um enginn arður verði greiddur fyrir starfsárið 2019 var samþykkt.
- 4. Tillaga um töku hlutabréfa félagsins úr viðskiptum hjá NASDAQ Iceland, sbr. erindi sem barst stjórn félagsins þann 1. febrúar 2019.**  
Aðalfundurinn samþykkti tillöguna með meirihluta atkvæða.
- 5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.**  
Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins, en starfskjarastefnuna má finna í tillöguyfirlitinu fyrir aðalfund á ofangreindri vefsíðu félagsins.
- 6. Stjórnarkjör.**  
Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn:  
Árni Jón Pálsson  
Erlendur Magnússon  
Halldór Kristjánsson  
Hildur Árnadóttir  
Rannveig Eir Einarsdóttir
- 7. Kosning endurskoðanda.**  
Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf. yrði endurskoðunarfélag félagsins.
- 8. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar fyrir komandi starfsár.**  
Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um þóknun stjórnarmanna og undirnefnda, en tillögu stjórnar má finna í tillöguyfirlitinu fyrir aðalfund á ofangreindri vefsíðu félagsins.
- 9. Heimild stjórnar til að kaupa eigin hluti í félaginu í því skyni að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Heimild stjórnar skal gilda í 18 mánuði og takmarkast við 10% af hlutafé félagsins.**  
Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin bréfum
- 10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin**  
Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum og var honum slitið kl:17:13